



Skýringar á aðgangsréttindum

Heiti aðgangsréttinda	Stutt lýsing á virkni réttinda
Aðgerðaryfirlit	Notandi getur leitað í greiðslu-, launa- og innheimtuaðgerðum sem hann hefur framkvæmt. Hafi hann að auki eftirlitsréttindi í greiðslum getur hann einnig leitað að greiðsluaðgerðum annarra notenda innan fyrirtækisins.
B2B (Tenging við bókhald)	Notandi getur stundað rafræn bankasamskipti beint úr bókhaldskerfinu án þess að innskrá sig sérstaklega í netbankann líka. B2B er sérstök viðbót við netbanka fyrirtækja, til gagnaflutnings milli bankans og bókhaldskerfis fyrirtækis.
Bankaábyrgðir	Notandi hefur lesheimild á bankaábyrgðir fyrirtækisins.
Bankareikningar	Notandi hefur lesheimild á valda bankareikninga fyrirtækisins, jafnvel alla.
Beingreiðslur – sem kröfuhafi	Notandi hefur heimild til að skrá inn beingreiðslusamninga
Dagslokastaða	Notandi hefur lesheimild á yfirlit yfir helstu eignir og skuldir fyrirtækis hjá Landsbankanum. Yfirlitið sýnir stöðuna eins og hún er í lok síðasta virka dags.
Erlendar greiðslur – aðgerð	Notandi hefur greiðsluréttindi í erlendum greiðslum.



Erlendar greiðslur – skoðun	Notandi getur séð eigin erlendar greiðslur sem hann hefur áður framkvæmt, þó hann hafi ekki greiðsluheimild þá stundina.
Erlendar greiðslur – eftirlit	Notandi getur séð bæði eigin erlendar greiðslur og annarra, þó hann hafi ekki greiðsluheimild þá stundina. Þessi réttindi henta til dæmis fyrir endurskoðun.
Félagabanki	Notandi hefur les- og aðgerðaréttindi í húsfélagþjónustu Landsbankans.
Færsluhirðing	Notandi hefur heimild til að sjá stöðu og lykiltölur um færsluhirðingu fyrirtækisins
Innheimta krafna	Notandi hefur les- og aðgerðaréttindi í öllum innheimtupjónustum fyrirtækisins og hefur aðgang að kröfuskýrslum og kröfuleitarvél. Notandi getur stofnað kröfur, breytt þeim, prentað greiðsluseðla, sent áminningar og ítrekanir, veitt greiðslufresti, niðurfellt kröfur eða sent þær í framhaldsinnheimtu. Vakin er athygli á því að notandi hefur ekki aðgang að kröfusafni tengdra fyrirtækja; til þess þarf að innskrá sig í netbanka tengda félagsins eða nota svonefnda umboðsinnheimtu í B2B.
Innheimtuskuldabréf	Notandi hefur lesréttindi á innheimtuskuldabréf.
Innlendar greiðslur - aðgerð	Notandi hefur greiðsluréttindi í innlendum greiðslum.
Innlendar greiðslur – skoðun	Notandi getur séð eigin innlendar greiðslur sem hann hefur áður framkvæmt, þó hann hafi ekki greiðsluheimild þá stundina.
Innlendar greiðslur – eftirlit	Notandi getur séð bæði eigin innlendar greiðslur og annarra, þó hann hafi ekki greiðsluheimild þá stundina. Þessi réttindi henta til dæmis fyrir endurskoðun.
Kreditkort	Notandi hefur lesréttindi á valin kreditkort fyrirtækisins, jafnvel öll.
Kröfufjármögnun	Notandi hefur lesréttindi á kröfufjármögnunaryfirlit.
Laun án sundurliðunar	Notandi getur greitt laun en sér aðeins heildarfjárhæð allrar launagreiðslunnar og heildarfjölda launþega. Notandi sér ekki launakjör hvers og eins í greiðsluferlinu, hann getur ekki leitað að eldri



	launagreiðslum og hann getur ekki sent rafræna launaseðla.
Laun með sundurliðun	Notandi getur greitt laun og sér launakjör hvers og eins í greiðsluferlinu, hann hefur aðgang að launagreiðsluleitarvél og getur sent rafræna launaseðla.
Nettunarþjónusta	Notandi hefur les- og aðgerðaréttindi að nettunarþjónustum fyrirtækisins. Nettunarþjónustan millifærir fjárhæðir sjálfkrafa á milli eigin reikninga fyrirtækisins, og/eða milli tengdra félaga að uppfylltum skilyrðum sem notandi skilgreinir sjálfur í netbankanum.
Ógreiddir reikningar	Notandi hefur lesréttindi að ógreiddum reikningum (kröfum) fyrirtækisins og samtengdum fyrirtækjum ef því er að skipta. Þessi réttindi veita ekki greiðsluheimild, til þess þarf Innlendar greiðslur – Aðgerð.
Rafræn skjöl	Notandi hefur lesréttindi að skjölum sem fyrirtækinu eru send. Þetta eru ekki réttindi til að senda launaseðla, til þess þarf Laun með sundurliðun.
Sjóðspottur	Notandi hefur les- og aðgerðaréttindi að Sjóðspotti þar sem ávöxtun allra bankareikninga er sameinuð undir einn samstæðureikning. Notandi getur veitt inn- og útlán til tengdra fyrirtækja og stýrt kjörnum.
Skilaboð	Notandi hefur lesréttindi að skilaboðum sem Landsbankinn birtir í netbankanum, bæði á forsíðu netbankans og á þar til gerðri vefsíðu sem sýnir yfirlit eldri skilaboða.
Skráning áreiðanleikaheimildar	Notandi hefur heimild til að ganga frá skráningu á áreiðanleikakönnun fyrir fyrirtækið. Leyfið er eingöngu notað fyrir opinber félög.
Stýring aðgangsheimildar	Notandi getur stjórnað eigin aðgangsheimildum og annarra notenda í netbankanum hjá fyrirtækinu. Notandi getur stofnað nýja notendur og einnig lokað á aðgang notanda.
Sýn á aðgangsheimildir	Notandi hefur lesréttindi að eigin aðgangsheimildum og annarra notenda í netbankanum hjá fyrirtækinu.
Umboð kreditkort	Notandi hefur heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í kreditkortaviðskiptum við bankann. Hefur m.a. heimild til að sækja um ný kreditkort.



Umboð til almennra bankaviðskipta	Notandi hefur heimild til að koma fyrir hönd félagsins í viðskiptum við bankann í gegnum netbanka og app. Umboðið nær til m.a til stofnun á bankareikningum, umsókn á kreditkortum og innheimtuþjónustu.
Umframgreiðslur á lán	Notandi hefur heimild til að framkvæma umframgreiðslur á lán hjá fyrirtækinu.
Útlán	Notandi hefur lesréttindi að lánasafni fyrirtækisins og samtengdum fyrirtækjum ef því er að skipta. Yfirlitið spannar langtíma- og skammtímalán, viðskiptasamninga, lánalínur, veð og greiðslusögu.
Viðskiptayfirlit	Notandi hefur lesheimild á árlegt viðskiptayfirlit (áður nefnt ársyfirlit) sem inniheldur mikilvægar upplýsingar um helstu lykilstærðir í bankaviðskiptum félagsins fyrir árið á undan. Þessi sömu réttindi veita lesheimild á mánaðaryfirlit sem sýna nýjustu gögn um sama efni, sérhver mánaðamót – ef fyrirtækið er í áskrift að þeim.
Viðstöðulaus greiðsla	Notandi getur framkvæmt B2B greiðslu sem ekki þarf að samþykka sérstaklega í netbankanum. Í þess stað er bankastaðfestingin færð framur í ferlið, alla leið inn í bókhaldskerfið / útgreiðslukerfið þar sem greiðslan er samþykkt og undirrituð með rafrænu skilríki.
VSK skil	Notandi getur skilað virðisaukaskattskýrslum rafrænt en ekki greitt skattinn. Til þess þarf að auki Innlendar greiðslur – Aðgerð.